

**Sþ.**

**379. Fyrirspurn**

**[217. mál]**

til landbúnaðarráðherra um afskipti stjórnvalda af regnbogasilungseldi Skúla Pálssonar, Laxalóni.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvernig hefur heilbrigðiseftirliti með eldisfiski í eldstöðinni í Laxalóni verið hagað frá stofnun hennar til þessa dags?  
Hafa smitnæmir sjúkdómar fundist í stöðinni?
2. Hafa komið upp sjúkdómar í nálægum eldisstöðvum eða ám, er rekja mætti til eldisstöðvarinnar í Laxalóni?
3. Sé svo ekki eftir meira en 20 ára veru regnbogasilungsstofnsins í landinu, er þá eðlilegt að neita um flutning stöðvarinnar á annan og heppilegri stað?